



Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 4. júlí 2017
1511348 EMG

Efni: Þátttaka í verkefninu Heimamenn 339 (áður *Útilistaverk við strönd*)

Á fundi Menningar- og safnanefndar þann 16. maí 2017 var erindi tveggja listakvenna tekið fyrir. Nefndin tók jákvætt í þátttöku í verkefninu og var forstöðumanni falið að svara listakonum í samræmi við umræður á fundinum. Álits var því leitað hjá listakonunum um hvort styrkur kaupstaðarins gæti falist í skuldbindingu til að sjá um ákveðna verkþætti í stað þess að greiða þá upphæð sem óskað var eftir með 3.000.000 kr. peningaframlagi. Listakonurnar voru sáttar við þá nálgun og þeir liðir sem kaupstaðurinn myndi þá skuldbinda sig til að sjá um væru eftirfarandi:

- Útvega gistingu og fæði fyrir þrjú erlenda og þrjú innlenda listamenn í tólf daga.
- Útvega bækistöð fyrir listamenn á Akranesi.
- Aðstoða við jarðvinnu og uppsetningu listaverka (skýrt tekið fram að slík vinna sé ávalt gerð í samráði við kaupstaðinn ef af yrði).

Því er óskað eftir heimild til bæjarráðs til þess að semja við listakonurnar um fyrrgreint og að fjárheimild verði veitt til nefndarinnar á árinu 2018 til að standa straum af kostnaði við verkþættina. Leitað verður leiða til að framkvæma þá með sem hagkvæmustum hætti.

Fyrir hönd Menningar- og safnanefndar,

Ella María Gunnarsdóttir
forstöðumaður menningar- og safnamála

Samrit:
Afrit: